

Alþingi
Erindi nr. P 137/394
komudagur 24.6.2009

Landssamband kúabænda
og
Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

23. júní 2009

Utanríkismálnefnd

Landssamband kúabænda og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði leggja til að Alþingi hafni „Tillögu til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu, þingskjal 38“, og „Tillögu til þingsályktunar um undirbúning aðildar að Evrópusambandinu, þingskjal 54“.

Fari hins vegar svo að ákveðið verði að sækja um aðild að Evrópusambandinu, telja samtökin óhjákvæmilegt að eiga þátt í því að „bjarga því sem bjargað verður“ og leggja mikla áherslu á að eiga virka aðkomu að setningu samningsmarkmiða vegna hugsanlegra aðildarviðræðna og að geta fylgst með framvindu viðræðna.

Minnisatriði:

1. Tekjur kúabænda koma frá markaðnum og sem opinber stuðningur. Mesta óvissan er tengd því hvaða opinber stuðningur yrði við greinina ef til aðildar kæmi. Mesti tekjusamdrátturinn verður vegna lækkunar á tekjum frá markaðnum í óvarinni samkeppni.
2. Í þá vöruflokka sem óhjákvæmilega lenda í mestri samkeppni fer hátt í helmingur af mjólkinni. Sjá sundurliðun.
3. Skipta má notendum mjólkurvara í nokkra aðalflokka:
A: Almenna neytendur
B: Stórnotendur svo sem mótuneyti og veitingastaðir
C: Matvælavinnslur
4. Þessi skipting hefur mikla þýðingu vegna þess að allar greiningar á markaðnum benda til að þess að tryggð við íslenskar vörur sé breytileg eftir þessum kaupendahópum.
5. Tekjutap kúabænda vegna tapaðrar markaðshlutdeildar á innanlandsmarkaði og væntanlega minni stuðnings, verður ekki í fyrirsjáanlegri framtíð bætt með útflutningi mjólkurvara. Nú stefnir í að skilaverð fyrir útflutta mjólk verði ca. helmingur af mjólkurverði í Danmörku.

Það hefði í för með sér grundvallarbreytingu til hins verra fyrir íslenska nautgriparækt og íslenska mjólkurvinnslu ef Ísland gengi í ESB. Samningaviðræður um aðild hljóta óhjákvæmilega að skapa óvissu um stöðu og framtíð atvinnugreinarinnar. Því er ítrekuð sú sameiginlega niðurstaða Landssambands kúabænda og Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, að leggja til við Alþingi að það hafni umræddum þingsályktunartillögum.

Yfirlit um framleiðslu og sölu mjólkur árið 2008 og 1998:			
Heildarframleiðsla árið 2008, lítrar	126.051.629		
Selt innanlands, próteingrunnur	117.119.187		
Útflutningur	11.752.216		
Birgðaminnkun	3.346.799		
Óskýrður mismunur	527.025		
Skipting sölnunnar, próteingrunnur:			
Sýnir hversu mikil mjólk fer í hvorn vöruflokk			
Árið 2008:		Hlutfall af innanlandssölu	
Ostar	47.398.135	40,47	
Drykkjarmjólk	43.603.473	37,23	
Jógúrt	2.564.910	2,19	
Duft	6.722.641	5,74	
Viðbit	3.045.099	2,60	
Skyr	11.782.190	10,06	
Rjómi	1.803.635	1,54	
Annað	199.103	0,17	
Alls	117.119.187	100,00	
Samsvarandi tölur fyrir aimanaksárið 1998:			
Árið 1998:		Hlutfall af innanlandssölu	
Drykkjarmjólk	46.471.275	45,14	
Ostar	36.320.482	35,28	
Jógúrt	2.491.371	2,42	
Duft	6.979.957	6,78	
Viðbit	2.964.937	2,88	
Skyr	6.001.939	5,83	
Rjómi	1.420.699	1,38	
Annað	298.553	0,29	
Alls	102.949.213	100,00	
Hvernig hefur magnið breyst ?			
Ostar	11.077.653		
Drykkjarmjólk	-2.867.801		
Jógúrt	73.539		
Duft	-257.315		
Viðbit	80.162		
Skyr	5.780.251		
Rjómi	382.936		
Annað	-99.450		
Alls	14.169.974		
Mjólkurneysla á próteingrunni hefur aukist um		13,8 %	
Á árinu 2008 er sala vinnslumjólkur frá MS til Mjólkú skráð sem nýmjólkursala.			
(Skyrneyslan fór í 12,6 % af próteinsölu árið 2005)			